Fyrsti fundur skólaráðs miðvikudaginn 14.10.2026

Mættir: Valdimar Víðisson, skólastjóri. Una Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara. Páll Z. Pálsson, fulltrúi kennara. Sigrún Helgadóttir, fulltrúi starfsfólks. Heimir Dúnn Guðmundsson, fulltrúi foreldra. Anna Laufey Stefánsdóttir, fulltrúi foreldra. Erla Bára Ragnarsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins. Benedikt Jón Bjarnason, fulltrúi nemenda. Steina Dís Gylfadóttir, fulltrúi nemenda. Hanna Elísabet Hákonardóttir, fulltrúi nemenda. Tómas Ingi Davíðsson, fulltrúi nemenda.

Fundarstjóri og fundaritari: Valdimar Víðisson.

Fundur hófst kl. 14:10.

Dagskrá fundar:

- Verkefni skólaráðs.
    - Skólastjóri fór yfir hlutverk skólaráðs og skipan í ráðið skólaárið 2026-2027.
- Starfsáætlun skólaráðs.
    - Skólastjóri fór yfir verkefni vetrarins.

  Skólaárið 2026-2027.
    - Skólastjóri fór yfir skipulag skólaársins. Meðal annars rætt um starfsmannamál, skóladagatalið, starfsemin sem er í húsinu og fleira.
- Aðbúnaður í skólanum.
    - Rætt um það sem þarf að laga í skólanum. Umsjónarmaður fasteigna mætti á fundinn undir þessum lið.
        - Skólastjóra falið að gera bréf sem farið verður yfir á næsta fundi, bréf um myndavélakerfi sem þarf að koma upp í skólanum og um mötuneyti, að elda á staðnum.
- Önnur mál.
    - Fulltrúi nemenda kom á framfæri óánægju með skólamat.
    - Rætt um agaferla og mikilvægi þess að fara eftir þeim.
    - Fulltrúi foreldra vakti máls á stefnu skólans með lestrarstund í nestitíma og skjánotkun nemenda. Ákveðið að taka það upp sem sérmál næst.
    - Rætt um viðbrögð um rasísk ummæli.
    - Fulltrúi foreldra vakti athygli á plássleysi fyrir yfirhafnir nemenda. Skólastjóri og umsjónarmaður fasteigna ætla að skoða möguleika á úrbótum.

Fundi slitið kl. 15:10.